

Gistinætur á Vesturlandi í örum vexti allt árið 2025

✨ Lykiltölur – Gistinætur 2025 (Vesturland & Ísland alls)


- Janúar
 - Vesturland: +7,6% – góð byrjun ársins
 - Ísland: +2,8% – hófleg fjölgun
- Febrúar
 - Vesturland: -12,8% – veruleg fækkun
 - Ísland: -3,2% – hóflegur samdráttur
- Mars
 - Vesturland: -3,2% – lítilsháttar samdráttur, í takt við landsmeðaltal
 - Ísland: -3,4% – svipaður samdráttur
- Apríl
 - Vesturland: +14,1% – upphaf stöðugar aukningar
 - Ísland: +11,6% – jákvæð viðsnúningur
- Maí
 - Vesturland: +31,6% – mesta fjölgunin á landinu
 - Ísland: +9,8% – stöðug fjölgun
- Júní
 - Vesturland: +30,5% – áfram sterkasti vöxtur landsins
 - Ísland: +8,4% – jákvæð aukning í öllum landshlutum
- Júlí
 - Vesturland: +16,9% – eftirspurn heldur áfram að aukast
 - Ísland: +16,5% – sterkasti vöxtur ársins til þessa


Ferðapjónusta á Vesturlandi hefur átt gott ár hingað til. Nýjustu tölur Hagstofu Íslands sýna að skráðar gistinætur á svæðinu hafa tekið miklum breytingum milli mánaða, og frá vormánuðum hefur vöxturinn verið stöðugur og oft meiri en á landsvísu.

Í samanburði á skráðum gistinóttum á Vesturlandi milli ára 2024 og 2025 mældist vera hófleg fjölgun í upphafi árs, þ.e. í janúar (+7,6%) en nokkur fækkun varð í febrúar (-12,8%) og lítilsháttar fækkun í mars (-3,2%). Þróunin snerist þó hratt við á vormánuðum og frá apríl tók við öflug aukning sem hefur haldist óslitið yfir sumarmánuðina. Þá stóð skráningin frá Vesturland og Vestfjörðum upp úr á landsvísu hvað fjölgun varðaði, en í maí og júní var fjölgun skráðra gistinátta yfir þrjátíu prósent milli ára (apríl 31,6 og maí 30,5%) og í júlí hélt vöxturinn áfram (+16,9%).

Á sama tíma hefur framboð gistieininga á svæðinu aukist, en þrátt fyrir það hefur nýtingahlutfall herbergja hækkað, sem sýnir að eftirspurn er sterkari en framboðsaukningin.

Hér er myndræn samantekt með lykiltölum frá Hagstofu Íslands þar sem Vesturland & Vestfirðir og Ísland alls eru bornir saman.





Mánuður	Vesturland & Vestfirðir	Ísland alls
Janúar	+7.6%	+2.8%
Febrúar	-12.8%	-3.2%
Mars	-3.2%	-3.4%
Apríl	+14.1%	+11.6%
Maí	+31.6%	+9.8%
Júní	+30.5%	+8.4%
Júlí	+16.9%	+16.5%

Þessi þróun er jákvæð fyrir samfélögin á Vesturlandi, þar sem ferðaþjónustan er ein af lykilvinnugreinum. Fjölgun gistinátta skapar fleiri störf, styrkir rekstrarumhverfi og eykur umfjöllun og sýnileika svæðisins sem eftirsóknarverðs áfangastaðar fyrir geti til að koma – dvelja og njóta.

Þróun gistinátta á Vesturlandi 2023–2025

Þegar horft er á þróun í fjölda á skráðum gistinóttum á Vesturlandi árin 2023 og 2024 þá má sjá að skráðum gistinóttum á Vesturlandi fækkað á milli þessara ára þar sem skráðar gistinætur voru nokkru færri (-9,8%) árið 2024 en þær voru 2023. Á sama tíma fjölgaði skráðum hótélherbergjum úr 757 í 807 en herbergjanýting dróst nokkuð saman (-1,1%). Það er því áhugavert að velta fyrir sér ýmsum þáttum sem hafa áhrif á komur og dvöl ferðafólks á svæðinu.

Árið 2023 einkenndist af stöðugleika í gistingu og gistinætur héldust í jafnvægi við fyrri ár. Framboð hótélherbergja jókst lítillega og nýting var svipuð og áður. Árið 2024 varð hins vegar viðsnúningur. Þrátt fyrir áframhaldandi aukningu í framboði hótélherbergja dró úr nýtingu og fjöldi gistinátta lækkaði miðað við árið á undan. Árið 2025 hefur þróunin hins vegar verið gjörólík. Fyrstu mánuðir ársins sýna sterkan vöxt, og í maí og júní mældist mikil aukning gistinátta miðað við árið áður og júlí hélt þessum jákvæða takti í uppsveiflu milli ára. Samantekið má því segja að sveiflur í fjölda skráðra gistinátta á Vesturlandi 2023–2025 ráðist ekki aðeins af framboði gistiþjónustu eða markaðsstarfi heldur einnig af öðrum þáttum.

Þessar sveiflur í fjölda og þróun gistingu á Vesturlandi á árunum 2023–2025, þar sem fjöldinn hefur ekki fylgt neinni línulegri þróun upp á við heldur sveiflast eftir árum, með aukningu eitt árið og samdrætti það næsta, vekur spurningar um hvaða þættir geti haft áhrif á þessa þróun.

Ein tilgáta er að veðurfar hafi nokkuð að segja um hversu margir ferðamenn velja að dvelja á Vesturlandi og hversu lengi þeir stoppa. Veðrið hefur áhrif á upplifun gesta, sérstaklega þar sem aðdráttarafl Vesturlands er að stórum hluta náttúru- og útivistarupplifun. Ef veður er hlýtt, þurrt og bjart getur það aukið líkurnar á að ferðamenn staldri lengur við, bóki gistingu og njóti svæðisins. Sé hins vegar kalt, blautt og ótryggt veður getur það dregið úr löngun fólks til að koma og stoppa, auk þess sem innlendir ferðamenn kunna frekar að sækja í aðra kosti eða á þau landsvæði þar sem veðrið er best.

Gögn endurspeglar þessa hugsun að einhverju leyti:

- **2023** var að jafnaði þokkalegt ár veðurfarslega, með hlýjum júní og þurrum júlí. Það samræmist stöðugleika í gistingu, sem héldust sterkar yfir árið.
- **2024** einkenndist hins vegar af erfiðu sumarveðri, með mikilli úrkomu, þoku, vindi og lágu hita. Á sama tíma dró úr gistingu um tæp 10% frá árinu áður, þrátt fyrir aukið framboð hótélherbergja.
- **2025** hófst með óvenju hlýjum maí og almennt hagstæðara sumarveðri. Þá sást strax mikil fjölgun gistingu, yfir 30% aukning í maí og júní og áframhaldandi vöxtur í júlí.

Þetta bendir til þess að veður geti skipt máli þegar leitað er skýringa á sveiflum í skráðum gistingu á hverju svæði, þó það sé aðeins ein af mörgum breytum sem geta haft áhrif og þarf að hafa í huga. Hér er því fyrst og fremst um vangaveltur að ræða, en samt áhugaverður vinkil sem vert er að skoða nánar í samhengi við þróun ferðaþjónustu á Vesturlandi.